

10. mars 2006

Minnisblað vegna grunnskipta vísitölu neysluverðs í apríl 2006

Í maí árið 2005 voru gerðar breytingar á útreikningi á meðalvöxtum í húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Jafnframt var tilkynnt að aðferðin yrði endurskoðuð við grunnskipti vísitölunnar í mars 2006. Ákveðið hefur verið að halda aðferðinni við útreikning meðalvaxtanna óbreyttri og verður hún endurmetin við grunnskipti vísitölunnar í mars árið 2007.

Við árleg grunnskipti vísitölunnar í apríl 2006 verða auk venjubundinna verka endurskoðaðar aðferðir við útreikning á fasteignavísitölu sem notuð er við framreikning á reiknaðri húsaleigu í vísitölunni. Jafnframt verða vogir við útreikning á greiddri húsaleigu endurmetnar og aðferðir bættar við verðsöfnun og útreikning á liðnum flugfargjöld til útlanda. Þessar aðferðafræðibreytingar hafa sem slíkar ekki áhrif á niðurstöðu vísitölu-mælingarinnar í apríl.

Aðferðum við útreikning fasteignavísitölunnar verður breytt og tekið upp margfeldismeðaltal en það er notað við útreikning á meðalverðum í grunni vísitölu neysluverðs. Þá verður höfuðborgarsvæðinu skipt í tvennt við útreikninginn, eldri hluta sem nær aðallega til íbúða byggðra fyrir árið 1975 (póstnúmer 101-109) og í nýrri/ytri hluta sem nær til nýjustu hverfanna í Reykjavík og nágrennasveitarfélaganna.

Auk þessa verður skipting á leigumarkaði sem notuð er við útreikning á verðbreytingum á greiddri húsaleigu í vísitölunni endurskoðuð og hún reist á útgjaldarannsókn Hagstofunnar. Hagstofan hefur um nokkurt skeið safnað ýtarlegum upplýsingum um netfargjöld flugfélaganna og er fyrirhugað að nota niðurstöðurnar við útreikning á liðnum flugfargjöld til útlanda en aðferðin er þegar notuð við útreikning á verðbreytingum í innanlandsflugi.